

## LANDSMÓT SMALAHUNDAFÉLAGS ÍSLANDS 2021

### YTRA LÓNI LANGANESI 28. TIL 29. ÁGÚST

Smalahundafélag Íslands og Austurlandsdeildin þakkar öllum sem að keppninni komu fyrir gott mót. Sérstakar þakkir fær Sverrir Möller og fjölskylda. Frábærlega vel að öllu staðið hvort sem það var á keppnisvellið eða kaffistofunni. Kindurnar voru heilt yfir óvanalega einsleitar og þjalar, og völlurinn skemmtilegur á sama tíma og hann reyndi á menn og hunda. Ekkert landsmót var í fyrria sökum covid og því kærkomið fyrir félagsmenn SFÍ að geta komið saman í ár við þetta tækifæri.

Dómari var Jonleif Jörgensen frá Færeyjum og dæmdi hann af þekkingu, sanngirni og röggsemi. Núll stig voru talsvert áberandi í keppninni í ár eins og sést á stigaskorinu. Jonleif var samkvæmur sjálfum sér þar og gaf enga sénsa. Hann bauð aftur á móti uppá að þeir sem gerðu ógilt fengu að klára tímenn sinn í braut ef þeir vildu, til að fá amk reynsluna þó engin fengju þeir stigin. Jonleif sagði frá því að í Færeyjum væru um 6 keppnir á ári og yfirleitt á milli 20 og 30 keppendur í hvert sinn. Gaman væri að okkur tækist með tímanum að komast á svipaðan stað með fjölda móta og vinir okkar Færeyingar. Móttin hvetja menn til dáða og svo er félagskapurinn auðvitað óviðjafnanlegur!

Alls fóru 21 hundur í braut. Hver hundur fékk eitt rennsli hvorn dag og samanlagður fjöldi stiga báða dagana gildi til úrslita. Úrslit voru eftirfarandi:

	<b>UNGHUNDAR (100 stiga braut):</b>	<b>dagur 1</b>	<b>dagur 2</b>	<b>Samtals</b>
<b>1</b>	Agnar Ólafsson og Dúfa frá Miðfjarðarnesi, SFÍ 2019-2-0110	58	64	122
<b>2</b>	Ingví Guðmundsson og Bassi frá Hríshóli, SFÍ 2019-1-0008 /ISDS 377564	69	52	121
<b>3</b>	Elísabet Gunnarsdóttir og Ása frá Ketilsstöðum, SFÍ 2018-2-0044 /ISDS 362805	68	Ógilt=0	68
<b>4</b>	Jón Axel og Prins frá Geitabergi í Svínadal, SFÍ 2018-1-0077	Ógilt=0	46	46
<b>5</b>	Sverrir Möller og Grímur frá Ketilsstöðum, SFÍ 2020-1-0039 /ISDS 372680	Ógilt=0	44	44



	<b>B-FLOKKUR (100 stiga braut):</b>	<b>dagur 1</b>	<b>dagur 2</b>	<b>Samtals</b>
<b>1</b>	Edze Jan de Haan og Seimur frá Dalatanga, SFÍ 2017-1-0052	64	45	109
<b>2</b>	Björn Jóhann Steinarsson og Skriða frá Skriðu, SFÍ 2017-2-0094	45	58	103
<b>3</b>	Hrafnhildur Tíbrá Halldórsdóttir og Skotta frá Dalatanga, SFÍ 2017-1-0054	55	Ógilt=0	55
<b>4</b>	Sigurður J Hermannsson og Táta frá Skriðu, SFÍ 2017-2-0095	Ógilt=0	Ógilt=0	0

	<b>A-FLOKKUR (110 stiga braut):</b>	<b>dagur 1</b>	<b>dagur 2</b>	<b>Samtals</b>
<b>1</b>	Aðalsteinn Aðalsteinsson og Burndale Biff frá UK, SFÍ 2016-1-0072 / ISDS 344058	80	82	162
<b>2</b>	Sverrir Möller og Gutti frá Hafnarfirði, SFÍ 2012-1-0070	73	63	136
<b>3</b>	Agnar Ólafsson og Birna frá Tjörn 1, SFÍ 2015-2-0088 / ISDS 342196	55	79	134
<b>4</b>	Márius Snær Halldórsson og Rosi frá Ketilsstöðum, SFÍ 2018-1-0048 / ISDS 362803	62	67	129
<b>5</b>	Sverrir Möller og Kári frá Auðófsstöðum, SFÍ 2015-1-0055	50	76	126
<b>6</b>	Jens Þór Sigurðsson og Groesfaen Nap frá UK, SFÍ 2014-1-0099 / ISDS 335224	66	58	124
<b>7</b>	Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum 2, SFÍ 2013-2-0012 / ISDS 340286	Ógilt=0	97	97
<b>8</b>	Elísabet Gunnarsdóttir og Ripley frá Írlandi, SFÍ 2017-2-0080 / ISDS 354573	Ógilt=0	92	92
<b>9</b>	Márius Snær Halldórsson og Fríða frá Hallgilsstöðum 1, SFÍ 2018-2-0070 / ISDS	Ógilt=0	71	71
<b>10</b>	Krzysztof Krawczyk og Oreó frá Hallgilsstöðum 1, SFÍ 2016-2-0073	Ógilt=0	55	55
<b>11</b>	Agnar Ólafsson og Kópur frá Húsatóftum 2, SFÍ 2016-1-0049 / ISDS 347203	37	Ógilt=0	37
<b>12</b>	Krzysztof Krawczyk og Loki frá Hallgilsstöðum 1, SFÍ 2017-1-0071	Ógilt=0	Ógilt=0	0

Gaman er að segja frá því að samhliða Landsmótinu fóru fram video vinnupróf ISDS. Fimm verðugir hundar fóru í það próf og stóðu sig með þryði. Að því gefnu að þeir standist skoðun gerir það þeim kleift að skrá hundana í ættbók International Sheepdog Society (ISDS) sem SFÍ á aðild að. Hundum með ISDS skráningu fjölgar jafnt og þétt eins og sést á úrslitunum hér að ofan. Innan banda SFÍ hafa lengi verið til góðir og vel ræktaðir hundar en með ISDS aðild og skráningu standa okkar félagar og okkar hundar jafnfætis smölum og hundum í félagsskap sambærilegum SFÍ um allan heim.

Félagsmenn SFÍ með hunda skráða hjá SFÍ geta sótt um aðild að ISDS og vinnupróf allan ársins hring. Áhugasamir eruð beðnir um að hafa samband við undirritaða sem mun þá aðstoða við að koma því í kring.

Aðalfundur SFÍ var haldinn á föstudagskvöldið 27. ágúst. Þar voru mættir 14 félagsmenn. Ýmis mál rædd og farið yfir ársreikninga síðustu tveggja ára. Fundargerð og ársreikninga má nálgast hér á heimasíðunni undir "fundargerðir"

Með góðum kveðjum,

Elísabet Gunnarsdóttir fh. Austurlandsdeildarinnar og Smalahundafélags Íslands

A-flokkur:



B-flokkur:

